Þingskjal nr. __

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir _____

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, skorar á stjórn LH að styðja betur við æskulýðsstarf um landið allt með því að tengja æskulýðsnefndir saman með stuttum fjarfundum og staðfundum.

Greinargerð:
Stjórn LH getur t.d. komið verkefninu til æskulýðsnefndar LH og tengt æskulýðsnefndir saman á hverju svæði fyrir sig og haft hugmyndasamkeppni milli nefnda um hvernig efla má æskulýðsstarf á starfssvæðum hestamannafélaga um allt land. Í mörgum hestamannafélögum um landið er gríðarlega öflugt æskulýðsstarf. Æskulýðsnefnd LH mætti halda fleiri viðburði þar sem æskulýðsnefndir félaganna sameinast og skiptast á skoðunum. Einnig væri fengur í því að sjá fleiri fréttir af æskulýðsstarfinu og hvetja alla til að taka virkan þátt í Alþjóðlegum degi íslenska hestsins, sem haldinn er 1. maí ár hvert.